

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi.

Breyting á deiliskipulagi frístundalóðar nr. 200 við 5. braut í landi Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að hámarksstærð frístundahúss verði 496 m² í stað 380 m². Einnig er gert ráð fyrir að reisa megi 64 m² bílskúr og 86 m² aukahús á byggingarreit I þar sem aðalhúsið stendur.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Ofangreindar skilmálabreytingar deiliskipulags öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. maí 2006.

Pétur Ingi Haraldsson,
skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu.